



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
Á AKUREYRI

# ÁRSSKÝRSLA 2015

- AKUREYRI -  
- 2016 -

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2016  
Ritstjórn og umbrot: Aðalbjörg Sigmarsdóttir  
Prófarkalestur: Lára Ágústa Ólafsdóttir  
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/>


## INNGANGUR

Héraðsskjalasafnið á Akureyri fékk starfsleyfi í júlí 1969, en fastur starfsmaður var ráðinn þar frá áramótum 1967/1968. Safnið starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1985 þar til reglugerð á grundvelli nýrra laga verður sett. Einnig starfar það skv. Samþykkt um Héraðsskjalasafnið á Akureyri sem undirrituð var 10. maí 2012. Aðildarsveitarfélög eru Akureyrarkaupstaður, ásamt Hrísey og Grímsey, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

Stöðugildi við safnið eru tvö, en íbúar á safnsvæðinu eru yfir 20 þúsund. Í samfélagi af þessari stærð má reikna með að safnið þurfi að taka á móti 100-200 hillumetrum af skjölum á ári, en opinber skjöl eru að jafnaði um 30 ára gömul þegar safnið tekur við þeim. Með skjölunum flyst þá upplýsingaskylda sveitarfélaganna og annarra opinberra aðila til safnsins. Skilaskyldir aðilar eru sveitarstjórnarskrifstofur, deildir, nefndir og ráð auk þeirra stofnana og mannvirkja sem sveitarfélögin reka. Öllum þessum aðilum þarf safnið skv. lögum að sinna með því að veita þeim eftirlit og ráðgjöf og samþykkja þeirra skjalavörsluáferðir.

## STARFSEMI

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri fólst að venju í, afgreiðslu fyrirspurna, móttöku skjala, skjalaskráningu og því að veita aðgang að skjölum á lestrarsal, auk ráðgjafar og annarra samskipta við skilaskylda aðila og notendur safnsins.



Afhendingum til safnsins fjölgaði, því árið 2015 voru þær 106 en höfðu verið 83 árið 2014. Auk þess að afhendingum fjölgaði þá voru þær óvenju miklar að umfangi eða samtals tæpir 185 hillumetrar. Mestu munaði þar um mikið magn skipateikninga, sem áttu uppruna sinn hjá Slippstöðinni, Aflvís og Teiknistofu Karls G. Þorleifssonar.

Á safnið komu 646 gestir, 505 karlar 141 konur og fækkaði þeim lítillega frá því sem var árið áður eða um 4,3%. Það var hins vegar jákvætt að hlutfall kvenna sem safngesta hækkaði og voru þær rúmlega 21% gestanna. Lán skjala á lestrarsal jukust um 12,4% milli ára og voru þau alls 2683 skjalanúmer.

## VERKEFNI - SÝNINGAR



*Svanhildur Bogadóttir  
borgarskjalavörður*

Á safninu var þess minnst á fleiri en einn veg að 100 ár voru liðin frá því að konur fengu kosningarétt til Alþingis. Fyrst ber að nefna þátttöku í söfnunarátaki á skjölum kvenna en það var samstarfsverkefni héraðsskjalasafna, Þjóðskjalasafns, Kvennasögusafns og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.

Í apríl var boðið upp á hádegisfyrirlestur Svanhildar Bogadóttur borgarskjalavardar um skjöl kvenna undir yfirskriftinni „Brenndu þetta snifsi að lestri loknum“.

Á sýningunni „Heill þér mæta merka kona“, sem haldin var í júní, var fjallað um konur í sveitarstjórnnum í Eyjafirði og þingkonur Eyfirðinga í gegnum tíðina. Sýningin byggðist á skjölum sem varðveitt eru á Héraðsskjalasafninu á Akureyri og er þar um að ræða

frumskjöl sem varða kosningar, kvennabaráttu, kvenfélög, kvennaklúbba og einstakar konur, þ.e.a.s. kvenskjöl í víðasta skilningi þess orðs. Minnst var sérstaklega Vilhelmínu Lever sem fyrst kvenna á Íslandi kaus til bæjarstjórnar árið 1863. Einnig var minnst þeirra þriggja kvenna sem fyrstar tóku sæti í bæjarstjórn Akureyrar. Það voru þær Kristín Eggertsdóttir kjörin 1911 og sat í 3 ár, Halldóra Bjarnadóttir árið 1921 og sat í 1 ár og áðurnefnd Elísabet Eiríksdóttir, sem tók þar sæti 1927 og sat alls í 19 ár. Á sýningunni voru sendibréf, dagbækur, fundargerðabækur, fálkaorðuskjal, heiðursborgaraskjal, meðmælendalistar til framboðs, ræða þingmanns og margt fleira sem of langt væri upp að telja. Þarna mátti einnig sjá lista yfir konur í sveitarstjórnnum við Eyjafjörð, lista yfir þingkonur Norðurlandskjördæmis eystra og Norðausturkjördæmis auk yfirlits í tímaröð yfir áfanga í sögu kvenna og brautryðjenda við Eyjafjörð.

Í nóvember var sett upp sýningin „Vér heilsum glaðar framtíðinni“ en hún var hluti samnefndrar sýningar er opnuð var í Þjóðarborghlöðu 16. maí 2015. Það verkefni var styrkt af Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og var í samstarfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við Þjóðskjalasafn Íslands, Alþingi, RÚV og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands. Hluti sýningarspaldanna í Þjóðarborghlöðu var sér-

prentaður og fengu söfn víðsvegar um landið þau til afnota við sínar sýningar. Hér var bætt við skjölum úr geymslum Héraðsskjalasafnsins með efni sem tengja mátti sýningunni.

Að venju tók safnið þátt í kynningardegi skjalasafna í nóvember og að þessu sinni var efnið Gränslöst eða Án takmarkana. Ákveðið var að túlka efnið þannig að áhersla var lögð á að náungakærleikur og samhjálp ættu sér engin takmörk eða landamæri. Héraðsskjalasafnið lagði einnig til efni á vefinn skjaladagur.is sem er sameiginlegur vefur Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafnanna til að kynna norræna skjaladaginn. Á vefnum eru þrjú innlegg frá safninu sem öll eru dæmi um hvernig kærleikurinn getur verið án takmarka og náð út yfir landamæri og takmörk.

Vefurinn einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi var opnaður í apríl en markmiðið með þeim vef er að hafa aðgengilegar á einum stað upplýsingar um einkaskjalasöfn hjá vörslustofnunum og bæta þannig aðgengi að heimildaflokknum. Héraðsskjalasafnið á Akureyri er þátttakandi í þessu verkefni og í árslok 2015 höfðu upplýsingar um 975 einkaskjalasöfn sem varðveitt eru á safninu verið skráð í þessa samskrá.



*Náungakærleikur sýndi sig í kjölfar stórbruna á Akureyri 1906 þar sem 75 manns misstu heimili sín. Þá sendu ibúar Alasunds í Noregi Akureyringum efnivið í tvö hús, töluvert af húsbúnaði, eitt þúsund kíló af þakpappa og þrjú þúsund múrsteina. Þetta hús var reist úr þessum efniviði og stóð austan við Hótel Akureyri.*

## FUNDIR - RÁÐSTEFNUR

Árlegur fundur héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands var haldinn í Reykjavík 16. apríl 2015. Kynnt var stefna Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 2014 – 2018 auk þess sem farið var yfir ný lög um opinber skjalasöfn og þær kröfur sem gera á til reksturs héraðsskjalasafna. Því næst var sagt frá endurskoðun á reglum Þjóðskjalasafns Íslands auk þess sem kynnt var möguleg aðkomu héraðsskjalasafna að rafrænni skjalaskrá Þjóðskjalasafns. Þá var einnig rætt um tölfræði fyrir skjalasöfn og kynnt tillaga að söfnun tölfræðiupplýsinga, rætt um aðfangastefnu fyrir einkaskjalasöfn og samstarf opinberra skjalasafna. Að fundi loknum opnaði menntamálaráðherra vefinn einkaskjalasafn.is sem áður er minnst á.

Fimmta ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi fyrir starfsmenn héraðsskjalasafna í safnahúsinu á Húsavík 1. - 2. október. Á fundinum voru

meðal annars tilnefndir fulltrúar í samráðshóp með Þjóðskjalasafni Íslands, þau: Hrafn Sveinbjarnarson, Jóna Símonía Bjarnadóttir og Þorsteinn Tryggvi Másson. Svanhildur Bogadóttir flutti erindi um eftirlit með skilaskyldum aðilum, Hrafn Sveinbjarnarson um eyðingu skjala og glötuð skjöl og Þorsteinn Tryggvi Másson fór yfir átaksverkefni um skjalavörslu leik- og grunnskóla og hvað hefði áunnist í þeim málum. Snorri Guðjón Sigurðsson og Lára Ágústa Ólafsdóttir fjölluðu um um miðlun á safnkosti héraðsskjalasafna og Sólborg Una Pálsdóttir greindi síðan frá skráningarkerfinu AtoM. Þá var móttaka í Menningarmiðstöð Þingeyinga, Héraðsskjalasafn Þingeyinga heimsótt og farið í kynnisferð um bæinn.

Daginn eftir fluttu Sævar Logi Ólafsson og Þorsteinn Tryggvi Másson erindi um skilaskylda aðila og samstarf milli skjalasafna varðandi eftirlit. Þá fjölluðu Birna Mjöll Sigurðardóttir og Unnur V. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar um velferðarþjónustu sveitarfélaga og skjöl sem þar verða til. Síðan var rætt um stefnumótun og fleiri verkefni sem framundan eru. Þá var einnig haldinn aðalfundur Félags héraðsskjalavarda og stjórn þess kjörin óbreytt áfram.

## SKJÖL AFHENT HÉRAÐSSKJALASAFNINU Á AKUREYRI 2015

Fremst í skránni er aðfanganúmer, þá fylgir heiti skjalamyndara eða uppruni skjalanna og árabíl sem þau ná yfir, því næst hver afhenti og hversu margir hillumetrar voru afhentir. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins og á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

- 2015/1 Kvenfélagið Hlíf, Akureyri 1957-2010.  
Margrét Baldursdóttir afhenti 0,14 hm.
- 2015/2 Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Akureyri 1783-1983.  
Gunnar Jónsson, Akureyri 0,23 hm.
- 2015/3 Veitustofnanir á Akureyri 1902-2011.  
Anna María Sigurðardóttir, Akureyri afhenti 26,6 hm.
- 2015/4 Gísli J. Guðmann, Akureyri 1947-1947.  
Einar Björnsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/5 Akureyrarbær/bæjarstjóri 2014-2014.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,03 hm.
- 2015/6 Bókasafnið í Hrísey 1942-2010.  
Hólmkell Hreinsson afhenti 0,18 hm.
- 2015/7 Skátafélag Akureyrar 1965-1966.  
Þorsteinn Pétursson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/8 Bindindisfélagið Dalbúinn 1968-1973.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/9 Sókarnefnd Möðruvallaklausturskirkju 1969-2015.  
Guðmundur Sturluson, Þúfnavöllum afhenti 0,15 hm.
- 2015/10 Framsóknarfélag Saurbæjarhrepps 1956-1992.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.

- 2015/11 Fjárræktarfélagið Freyr 1955-2010.  
Gunnar Jónsson Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/12 Minningarsjóður Guðrúnar Oddsdóttur og Kristíönu Einarsdóttur og dætra þeirra 1947-1989.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/13 Dráttarbraut Akureyrar 1929-1948.  
Hallgrímur Arason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/14 Jón Sigurgeirsson, Vík á Flateyjarðal án árs.  
Brynjar Gylfason Hertex nytjamarkaði afhenti 0,03 hm.
- 2015/15 Félagsheimilið/Tónleikahúsið Laugarborg 1959-2006.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,98 hm.
- 2015/16 Lestrarfélagið Mímir/Lestrarfélag Hrafnagilshrepps 1979-1993.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,05 hm.
- 2015/17 Ungmennafélagið Ároðinn 1967-1996.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,94 hm.
- 2015/18 Hólmgeir Þorsteinsson, Hrafnagili 1918-1971.  
Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri afhenti 0,11 hm.
- 2015/19 Ungmennafélagið Framtíðin 1934-1959.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,21 hm.
- 2015/20 Kvenfélagið Iðunn/Leikfélagið Iðunn 1933-2001.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,37 hm.
- 2015/21 Sóknarnefnd Grundarsóknar 1984-2004.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,31 hm.
- 2015/22 Hornaflokkur Akureyrar um 1910.  
Jón Hjaltason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/23 Ungmennafélagið Samherjar 1992-2002.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,7 hm.
- 2015/24 Félag kartöflubænda við Eyjafjörð 1981-1996.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,18 hm.
- 2015/25 Saurbæjardeild Kaupfélags Eyfirðinga 1991-2001.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/26 Ingibjörg Halldórsdóttir / Magnús Bjarnason 1916-1990.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,05 hm.
- 2015/27 Kvenfélagið Framtíðin 1937.  
Hörður Geirsson Minjasafni afhenti 0,03 hm.
- 2015/28 Ellen og Sverrir Pálsson, Akureyri 1945-1948.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,03 hm.
- 2015/29 Friðrik Kristjánsson / Dýrunn Jósepsdóttir, Akureyri 1924-1994.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,16 hm.
- 2015/30 Ólafur Pálsson, Sörlastöðum 1946-1951.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,03 hm.
- 2015/31 Þór Sigurðsson, Akureyri 1951.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,03 hm.
- 2015/32 Prentverk Odds Björnssonar 1974-1976.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,05 hm.
- 2015/33 Samtíningur úr Minjasafninu á Akureyri 1910-1942.  
Hörður Geirsson, Minjasafni afhenti 0,03 hm.

- 2015/34 Gunnar Sólnes, Akureyri 1987-2007.  
Gunnar Sólnes, Akureyri afhenti 0,1 hm.
- 2015/35 Akureyrarbær/Framkvæmdadeild 1982-2009.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,7 hm.
- 2015/36 Akureyrarbær/Bæjarskrifstofur 1922-2011.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 12,9 hm.
- 2015/37 Öldrunarheimili Akureyrar 2014.  
Helga Erlingsdóttir, Akureyri afhenti 1,7 hm.
- 2015/38 Gæðastjórnunarfélag Norðurlands 1990-2013.  
Unnsteinn Einar Jónsson, Akureyri afhenti 0,08 hm.
- 2015/39 Eyjafjarðarsveit 1998-2014.  
Ester Stefánsdóttir, Akureyri afhenti 0,3 hm.
- 2015/40 Samtök um kvennaathvarf á Norðurlandi 1984-1985.  
Arnheiður Eypórsdóttir, Akureyri afhenti 0,3 hm.
- 2015/41 Passíukórinn á Akureyri 1976-1997.  
Arnheiður Eypórsdóttir, Akureyri afhenti 0,09 hm.
- 2015/42 Arnheiður Eypórsdóttir, aðjúnt 1980-1987.  
Arnheiður Eypórsdóttir, Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2015/43 Húsfélagið Grundargerði 7 1973-2008.  
María Stefánsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/44 Sókarnefnd Saurbæjarsóknar 1908-2014.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/45 Hitaveita Akureyrar 1988.  
Jón Hjaltason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/46 Starfsmannafélag SÍS, Akureyri óársett.  
Anna Rögnvaldsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/47 Andrésar Andar leikarnir 1957-2007.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 4,4 hm.
- 2015/48 Íþrótt- og tómstundaráð Akureyrar 2004-2006.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 0,35 hm.
- 2015/49 Sundfélagið Óðinn 1994-1996.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 0,86 hm.
- 2015/50 Sundráð Akureyrar 1951-1963.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 0,08 hm.
- 2015/51 Knattspyrnuráð Akureyrar 1976-1990.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 0,86 hm.
- 2015/52 Sundlaug Akureyrar 1957-1997.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 0,94 hm.
- 2015/53 Skíðaráð Akureyrar 1962-1998.  
Elín H. Gísladóttir, Sundlaug Akureyrar afhenti 2,36 hm.
- 2015/54 Sigurður Guðmundsson, skólameistari 1898-1945.  
Sigurður Ólafsson, Akureyri afhenti 1,25 hm.
- 2015/55 Björn Sigmundsson, deildarstjóri 1900-1973.  
Sigurður Ólafsson Akureyri afhenti 0,5 hm.
- 2015/56 Ólafur Sigurðsson, læknir 1941-1992.  
Sigurður Ólafsson Akureyri afhenti 0,5 hm.



- 2015/57 HÍRÓN-Hin íslenska rannsóknarstofnun óþekkra náttúru fyrirbæra 1974-1975.  
Sigurður Hlöðversson, Akureyri afhenti 0,05 hm.
- 2015/58 Málmfríður Sigurðardóttir, alþingismaður 1983-1995.  
Hólmfríður Haraldsdóttir, Akureyri afhenti 0,5 hm.
- 2015/59 Þórarinn Halldórsson, sláturhústjóri 1974-1981.  
Pétur Sveinbjörnsson, Mývatnssveit afhenti 0,03 hm.
- 2015/60 Endurhæfingarstöðin á Akureyri 1989-2006.  
Höskuldur Höskuldsson, Akureyri afhenti 1,04 hm.
- 2015/61 Þorsteinn Eiríksson, Kristnesi 1882-1885.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/62 Tómas Böðvarsson teiknistofa 1965-2010.  
Tómas Búi Böðvarsson, Akureyri afhenti 2,2 hm.
- 2015/63 Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Akureyri 1905-1949.  
Gunnar Jónsson Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2015/64 Tómas Búi Böðvarsson, tæknifræðingur 1984-1999.  
Tómas Búi Böðvarsson, Akureyri afhenti 0,1 hm.
- 2015/65 ITC Storð, Akureyri 1993-1995.  
Þórunn E. Sighvats afhenti 0,45 hm.
- 2015/66 ITC Mjöll / Málfréyjudeildin Mjöll, Akureyri 1984-1990.  
Þórunn E. Sighvats, Akranesi afhenti 0,1 hm.
- 2015/67 Gunnlaugur B. Sveinsson/ Signa Hallsdóttir, Akureyri 1969-2001.  
Helga H. Gunnlaugsdóttir, Eyjafjarðarsveit afhenti 0,11 hm.
- 2015/68 Félag kartöflubænda við Eyjafjörð 1980-1998.  
Guðmundur Steindórsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/69 Auðhumla - Félag norðlenskra kúabænda 2000-2007.  
Guðmundur Steindórsson, Akureyri afhenti 0,26 hm.
- 2015/70 Félag eyfirska nautgripabænda 1985-1996.  
Guðmundur Steindórsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/71 Búnaðarsamband Eyjafjarðar 1986-2000.  
Guðmundur Steindórsson, Akureyri afhenti 0,08 hm.
- 2015/72 Samband nautgriparæktarféлага Eyjafjarðar 1929-1990.  
Guðmundur Steindórsson, Akureyri afhenti 0,08 hm.
- 2015/73 Hestaræktarfélag/Hrossaræktarfélag Saurbæjarhrepps 1928-1948.  
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/74 Dagsprent hf 1981-1998.  
Sigurður Steingrímsson, Akureyri afhenti 0,07 hm.
- 2015/75 Hermína Sigurðardóttir, húsmóðir 1944-1945.  
Hulda Finnlaugsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/76 Reikifélag Norðurlands 1992-2005.  
Birna Ingólfssdóttir Vestmann, Akureyri afhenti 0,06 hm.
- 2015/77 Soroptimistaklúbbur Akureyrar 1994-2010.  
Ragnheiður Stefánsdóttir, Akureyri afhenti 0,05 hm.
- 2015/78 Leikskólinn Pálmholt 1950-2014.  
Erna Rún Ingvarsdóttir, Pálmholti afhenti 4,57 hm.
- 2015/79 Leikskólinn Flúðir 1992-2013.  
Erna Rún Ingvarsdóttir, Pálmholti afhenti 3,5 hm.

- 2015/80 Akureyrarbær/Starfsmannadeild 1940-2014.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 2,03 hm.
- 2015/81 Albert Sölvi Karlsson, framhaldsskólakennari Akureyri 1982-1983.  
Sigríður Rósa Sigurðardóttir, Smámunasaafni afhenti 0,03 hm.
- 2015/82 Augnlæknastofan sf, Akureyri.  
Ragnar Sigurðsson augnlæknir afhenti 1,51 hm.
- 2015/83 Náttúrugripasafnið á Akureyri 1899-1953.  
Hörður Kristinsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/84 Magnús Jóhannes Guðmundsson, skíðakappi USA 1953-1968.  
Ivar Sigmundsson, Akureyri afhenti 0,06 hm.
- 2015/85 Hið eyfirzka ábyrgðarfélag 1967-1876.  
Valmundur Árnason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/86 Saurbæjarhreppur 1946-1959.  
Ingibjörg Bjarnadóttir, Gnúpufelli afhenti 0,03 hm.
- 2015/87 Dagrún Kristjánsdóttir, húsmæðrakennari 1961-1980.  
Snæbjörn Friðriksson, Akureyri afhenti 0,75 hm.
- 2015/88 Skólanefnd Hrafnagilshrepps 1935-1981.  
Snæbjörn Friðriksson, Akureyri afhenti 0,28 hm.
- 2015/89 Vinnustofur SÍBS í Kristnesi 1948-1981.  
Snæbjörn Friðriksson, Akureyri afhenti 2,3 hm.
- 2015/90 Friðrik Kristjánsson, Eyjafjarðarsveit 1954-1980.  
Snæbjörn Friðriksson, Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2015/91 Zontaklúbbur Akureyrar 1957-2008.  
Haraldur Þór Egilsson, Akureyri afhenti 0,08 hm.
- 2015/92 Halldór Ásgeirsson, Akureyri 1922-1923.  
Gunnar Nielsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/93 Alfreð Jónsson, Grímsey 1957.  
Ásrún Alfreðsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/94 Verkmenntaskólinn á Akureyri og forverar hans 1940-2000.  
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari afhenti 1,85 hm.
- 2015/95 Gæðastjórnunarfélag Norðurlands 1989-2013.  
Stefán Vilhjálmsson, Akureyri afhenti 0,15 hm.
- 2015/96 Akureyrarbær - Framkvæmdadeild 1984-2001.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir, skjalastjóri afhenti 1 hm.
- 2015/97 Hlíðarfjall 1967-2013.  
Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli afhenti 1,68 hm.
- 2015/98 Kór Akureyrarkirkju 2008-2013.  
Elva Dögg Pálsdóttir, Akureyri afhenti 0,42 hm.
- 2015/99 Hjalti Bjarnason og Jóhanna Gísley Vigfúsdóttir, Árskógsströnd 1937-2015.  
Reynir Gísli Hjaltason, Árskógssandi afhenti 0,5 hm.
- 2015/100 Akureyrarbær - Framkvæmdadeild 1987-2001.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 1,1 hm.
- 2015/101 Barnaskóli Akureyrar 1929-1970.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,1 hm.

- 2015/102 Teiknistofan Aflvís - Slippstöðin á Akureyri.  
Guðmundur Pétursson, Noregi afhenti 97 hm.
- 2015/103 Stefán Snælaugsson / Ólafía Halldórsdóttir, Akureyri 1966-1994.  
Sigrún Stefánsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/104 Stjórnunarfélag Norðurlands 1968-1979.  
Birgir Björn Svavarsson, Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2015/105 Ferðamálafélag Eyjafjarðar 1992-1998.  
Ívar Sigmundsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2015/106 Björn Bessason, Akureyri 1940-1959.  
Sigrún Ingimarsdóttir, Amtsbókasafni 0,03 hm.

--- 000 ---

## Rekstrarreikningur Héraðsskjalasafnsins á Akureyri 2015

40	Tekjur - Framlag ríkis	758.929cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	4.908.507cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	14.857.261.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.993.284.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak.	24.243.839.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	1.545.416.-
	<b>Samtals:</b>	<b><u>36.972.364.-</u></b>

